



3. Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt

Íris Róbertsdóttir hóf störf við Hamarsskóla í Vestmannaeyjum haustið 2000 en saga hennar og skólans er þó lengri, því sjálf lauk hún grunnskólanámi sínu í Hamarsskóla. Fyrsta kennsluár sitt var hún leiðbeinandi en hóf sama ár fjarnám við Kennaraháskólann. Ári síðar tók hún við sínum eigin bekk. Hún lauk kennaranámi vorið 2004.

Starfshættir Írisar einkennast í senn af faglegum myndugleika og sveigjanleika. Hún kennir í blönduðum grunnskólabekk þar sem nemendur búa yfir ólíkri námsgetu og hæfni, þar eru bæði fatlaðir og ófatlaðir nemendur. Hún hefur sýnt mikla útsjónarsemi í því að koma til móts við þarfir hvers og eins um leið og hún heldur bekknum saman sem einni heild.

Íris fylgir námskránni vel eftir en lætur ekki stundaskrá binda sig þegar hagsmunir bekkjarins eða árgangsins eru aðrir. Hún hefur haft forgöngu um að blanda saman bekkjum þegar það hentar betur þeim verkefnum sem verið er að vinna að og hefur átt frábært samstarf við samkennara sína. Hún leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og hefur t.d. haft forgöngu um að koma á hádegisfundum þar sem foreldrar og nemendur koma saman í skólanum, nemendur flytja ýmis verkefni fyrir foreldra sína og kennara og foreldrar fá tækifæri til að kynna skólastarfinu og námsumhverfinu og ræða hagsmuni barnanna.

Íris er góður félagi á vinnustað og tilbúin til að hvetja samstarfsfólk sitt áfram jafnframt því sem hún þiggur leiðsögn með glöðu geði. Í öllum störfum er hún vandvirk og skjótvirk, hún hefur ríkan metnað fyrir hönd barnanna, skólans og byggðarlagsins sem hún þjónar.

Íris Róbertsdóttir er gott dæmi um ungan kennara á landsbyggðinni sem lýkur námi en yfirgefur ekki heimabyggðina heldur flytur nýja strauma inn í gamla skólann sinn öllum til uppörvunar og gleði.